

PCC Bakki Silicon hf.
640 Húsavík

Reykjavík, 3. nóvember 2020
UST202002-107/E.H.
08.07.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 6.7.2020, hjá PCC Bakka Silicon hf.

Þann 6.7.2020 fór fram eftirlit í kísilverksmiðju PCC Bakka Silicon. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar geymslu aukaafurða. Tvö frávik komu fram er varðar:

1. Gr. 3.6. í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur tilkynnt Umhverfisstofnun um að frá 1. júlí sl., þegar hertari losunarmörk tóku gildi, að hreinsibúnaður nær ekki tilgreindum markmiðum um 5 mg/Nm³. Meðaltal ársins 2019 var 13,68 mg/Nm³ og var svipuð virkni í júlímánuði.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal í útblæstri frá hreinsivirki innan tveggja ára frá gangsetningu. Rekstraraðili hafði tilkynnt stofnuninni um fyrirhugaðar lagfæringar og breytingar á hreinsivirki sem áttu að hefjast í maí sl. Stofnunin samþykkti að mælingar mættu fara fram eftir lagfærinar en óskar eftir tímasettri áætlun hvenær mælingar fara fram eftir endurgangsetningu verksmiðjunnar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13.11.2020.

Virðingarfyllst

Einar Halldórsson

Halla Einarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra